

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/583****2023/EES/68/06****frá 9. apríl 2021****um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/1073 um jafngildi tilnefndra samningsmarkaða í Bandaríkjunum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (1), einkum 2. mgr. 2. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1073 (2) hefur framkvæmdastjórnin ákvarðað að laga- og eftirlitsramminn sem gildir um tilnefnda samningsmarkaði í Bandaríkjunum, undir lögboðnu eftirliti nefndar um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru (Commodity Futures Trading Commission, CFTC), tryggi að tilnefndir samningsmarkaðir hlíti lagalega bindandi kröfum sem jafngilda þeim kröfum sem gilda um skipulega markaði í Sambandinu og að þessir tilnefndu samningsmarkaðir lúti skilvirkri eftirliti og framfylgd á viðvarandi grundvelli.
- 2) Frá því að framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/1073 var samþykkt hafa nokkrir tilnefndir samningsmarkaðir með staðfestu í Bandaríkjunum til viðbótar fengið heimild frá nefndinni um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru til að eiga viðskipti með afleiður. Í ljósi upplýsinga frá nefndinni um viðskipti með framtíðarsamninga um hrávöru hlíta þessir tilnefndu viðbótar samningsmarkaðir þeim lagalega bindandi kröfum sem jafngilda kröfum um skipulega markaði í Sambandinu, sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2014/65/ESB (3). Að auki hafa sumir tilnefndir samningsmarkaðir sem um getur í viðauka við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/1073 hætt að nota heimild sína eða breytt um heiti. Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/1073 til samræmis við það.
- 3) Þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/1073 kemur viðaukinn við þessa ákvörðun.

*2. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 124, 12.4.2021, bls. 116. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 351/2021 frá 10. desember 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

(2) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1073 frá 1. júlí 2016 um jafngildi tilnefndra samningsmarkaða í Bandaríkjunum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjttíð. ESB L 178, 2.7.2016, bls. 24).

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (endurútgefin) (Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

Gjört í Brussel 9. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

„*VIÐAUKI*“

Tilnefndir sammingsmarkaðir í Bandaríkjunum sem um getur í 1. gr.:

- a) Bitnomial Exchange, LLC
 - b) Cantor Futures Exchange, L.P.
 - c) Cboe Futures Exchange, LLC
 - d) Chicago Board of Trade (Board of Trade of the City of Chicago, Inc.)
 - e) Chicago Mercantile Exchange, Inc.
 - f) Commodity Exchange, Inc.
 - g) ELX Futures, L.P.
 - h) Eris Exchange, LLC
 - i) ICE Futures U.S., Inc.
 - j) KalshiEX, LLC
 - k) LedgerX, LLC
 - l) LMX Labs, LLC
 - m) Minneapolis Grain Exchange, Inc.
 - n) New York Mercantile Exchange, Inc.
 - o) Nodal Exchange, LLC
 - p) North American Derivatives Exchange, Inc.
 - q) OneChicago LLC
 - r) Small Exchange, Inc
 - s) TrueEX LLC“
-